

**Nefnda- og greiningasvið Alþingis**

nefnasvid@althingi.is

Umhverfis- og samgöngunefnd

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003 (skipulag o.fl). – 975. mál á 153. löggjafarþingi 2022-2023.**

Með tölvupósti dags. 27. apríl sl. sendi nefndavið Alþingis Vegagerðinni frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga nr. 41/2003 til umsagnar. Frestur til að skila inn umsögn er til 11. maí 2023.

Vegagerðin gerir ekki efnislegar athugasemdir við efni frumvarpsins en vill þó áréttta að gera þurfi ráð fyrir kostnaði vegna þeirra breytinga sem felast í frumvarpinu.

Annars vegar vill Vegagerðin benda á að fari svo að Vegagerðin feli tveimur aðilum rekstur vaktstöðvar siglinga getur yfirfærsla ábyrgðar haft í för með sér kostnað við sjálfa yfirfærsluna.

Hins vegar vill Vegagerðin benda á kostnað stjórnvalds við meðferð sektarmála. Álagning stjórnvaldssektar kallar á undanfarandi málsmeðferð stjórnvalds samkvæmt stjórnvaldsálagningum s.s. að mál séu rannsökuð fyllilega, andmælaréttar sé gætt o.s.frv. Þar sem um nýtt verkefni er að ræða, til viðbótar við önnur,

Í greinargerð kemur fram að yfirfærsla ábyrgðar varðandi rekstur vaktstöðvar siglinga geti haft í för með sér óverulegulegan kostnað. Eins er vísað í umsýslukostnað við meðferð stjórnvaldssektarmála en ekki sé gert ráð fyrir að ákvæðinu verði beitt í miklum mæli.

Þar sem frumvarpinu fylgir ekki nánara mat á kostnaði og Vegagerðin telur ákveðna óvissu vera um hann telur stofnunin rétt að benda á framangreint.

Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær

+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar.  
Bergþóra Þorkelsdóttir  
forstjóri